

Reglur um greiðslur til refa- og minkaveiðimanna í Ísafjarðarbæ

1. Greidd eru skotlaun eftir ályktun landbúnaðarnefndar (7.10.1997), sem bæjarráð fjallar um (13.10.1997) og bæjarstjórn staðfestir (16.10.1997).
2. Eingöngu er greitt fyrir dýr sem unnin eru innan bæjarmarka Ísafjarðarbæjar
3. Á tímabilinu 1. maí til 31. júlí eru eingöngu greidd skotlaun til þeirra sem sérstaklega eru ráðnir til eyðingar refa og minka svo og þeirra sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðar nr. 207/1997 um breytingu á reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar, enda er öðrum óheimil veiði refa og minka á þeim tíma. (Lög 64/1994 og reglugerð 437/1995, 207/1997).
4. Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort. (Lög 64/1994 og reglugerð 291/1995) og hafa búsetu og lögheimili í Ísafjarðarbæ.
5. Skottum og umbeðnum upplýsingum skal skila til umsjónarmanns sem er staðsettur í áhaldahúsinu á Ísafirði.
6. Veiðimenn skulu fylla út veiðidagbók þar sem fram kemur dagsetning veiðidags, nákvæm staðsetning á veiðistað, nr. á veiðikorti og annað sem umbeðið er í veiðidagbókinni. Veiðidagbók liggur frammi í áhalda húsinu á Ísafirði.
7. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að krefja veiðimenn um skriflegt leyfi landeigenda um að þeir hafi heimild til að veiða í landinu, ef ástæða þykir til. (Lög 46/1977)